

Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 80/98  
frá 31. júlí 1998

um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn  
um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bókun 47 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/97 frá 15. desember 1997<sup>(1)</sup>.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 822/97 frá 6. maí 1997 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2676/90 um að ákveða aðferðir bandalagsins við víngræiningu<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

### 1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 25. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2676/90) í 1. viðbæti við bókun 47 við samninginn:

„- **397 R 0822:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 822/97 frá 6. maí 1997 (Stjtið. EB L 117, 7.5.1997, bls. 10).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 193, 9.7.1998, bls. 62 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 27, 9.7.1998, bls. 119.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 117, 7.5.1997, bls. 10.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 822/97 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. ágúst 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 31. júlí 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner